



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Akademísk staða í Miðlun og almannatengslum

Auglýst er laus til umsóknar akademísk staða í Miðlun og almannatengslum við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst. Við leitum að einstaklingi með metnað og áhuga á að taka virkan þátt í uppbyggingu og þróun námsbrautar í Miðlun og almannatengslum við háskólann. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á samþættingu fræða og framkvæmdar í kennslu og hefur verið leiðandi í uppbyggingu hagnýts fjarnáms á háskólastigi hér á landi síðastliðin 20 ár. Starfsstöð er á Bifröst og í Reykjavík. Umsóknarfrestur er til og með 23.1.2022.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með námsbraut í Miðlun og almannatengslum
- Kennsla á sviði miðlunar og almannatengsla
- Leiðbeining í lokaritgerðum
- Rannsóknir og fræðastörf á viðkomandi sérsviði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldspróf á háskólastigi á fræðasviðinu
- Kennslureynsla á háskólastigi
- Reynsla af uppbyggingu og mótun námskeiða og/eða námsbrauta er kostur
- Góð reynsla og tengsl við atvinnulíf
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Leiðtoga- og skipulagsfærni
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti

Tekið verður tillit til þarfa og áherslna félagsvísindadeildar og hve vel umsækjendur falla að þeim. Möguleiki er á hlutastarfi.

Með umsókn fylgi ferilskrá yfir nám, störf og rannsóknir þar sem kennslureynsla er m.a. útlustuð, afrit af útskriftarskírteinum ásamt stuttu kynningarbréfi. Í kynningarbréfi komi fram áhugasvið, sýn, nálgun og áherslur umsækjanda í kennslu og rannsóknum.

Nánari upplýsingar veita Hulda Dóra Styrnisdóttir mannauðsstjóri, mannauðsstjori@bifrost.is og Njörður Sigurjónsson, prófessor og deildarforseti deildarforsetifd@bifrost.is.

Umsóknarfrestur er til og með 23.1.2022 n.k. Miðað er við ráðningu frá og með 01.06.2022 eða fyrr. Starfsheiti verður ákvarðað út frá hæfismati. Háskólinn á Bifröst vinnur samkvæmt jafnréttisáætlun skólans og hvetur alla óháð kyni til að sækja um.